

Alþingi
Erindi nr. P 139/2348
komudagur 10.5.2011

Menntamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Fornleifafræðingafélags Íslands (FFÍ) um frumvarp til laga um menningarminjar, mál nr. 651.

Almennt um frumvarpið

Fornleifafræðingafélag Íslands fagnar nýjum lögum um menningarminjar. Almennt séð eru mörg ákvæði laganna til bóta og má í þeim greina viðleitni til að hefja minjavörslu á Íslandi upp á hærra stig. Enn er þó tilefni til að bæta um betur.

Fornleifafræðingafélag Íslands hefur lengi barist fyrir auknum menntunarkröfum í faginu. Félagið telur að einmitt nú sé rétti tíminn til að auka þær menntunarkröfur sem við gerum til þeirra sem starfa í greininni, sérstaklega þó til þeirra sem gegna embættum minjavarða sem og þeirra sem sækja um leyfi til fornleifarannsóknna. Við mælumst því til þess að í lögum þessum verði gerð afdráttarlaus krafa um framhaldsmenntun á háskólastigi í fornleifafræði til þeirra sem sækja um leyfi til fornleifarannsóknna og embætti minjavarða.

Í frumvarpinu öllu eru að finna margvísleg heiti á mismunandi rannsóknum og rannsóknaraðgerðum. Þessi heiti eru: skyndirannsókn, neyðarrannsókn og björgunarrannsókn. Í lagatexta eða athugasemdum eru þessi heiti þó ekki skilgreind. Við leggjum til að nota eigi heitin: **Neyðarrannsókn** eða **Björgunarrannsókn** séu notuð þegar um er að ræða þær rannsóknir sem gerðar eru til að bjarga fornminjum sem liggja undir skemmdum vegna náttúrulegra orsaka, t.d. vegna ágangs sjávar.

Framkvæmdarannsókn sé notað um þær rannsóknir sem til koma vegna fyrirhugaðra framkvæmda, t.d. vegagerðar, og **Skyndirannsókn** um þær rannsóknir sem Minjastofnun Íslands grípur til á vettvangi þegar fornminjar koma óvænt upp við framkvæmdir. Í skyndirannsókn ætti þó aðeins að felast björgun gripa og sjónræn greining á vettvangi. Fornleifafræðingafélag Íslands telur að Minjastofnun Íslands ætti undir engum kringumstæðum að framkvæma rannsóknir sem hafa frekara jarðrask í för með sér. Frekari rannsóknir ættu að vera í höndum fornleifafræðinga óháðum Minjastofnun Íslands og væru þær samkvæmt skilgreiningu framkvæmdarannsóknir.

Umsagnir um einstaka greinar.

8. grein. Fornminjanefnd.

FFÍ gerir alvarlega athugasemd við að nefnd sem hafi bæði stefnumarkandi áhrif á framtíð fornleifafræði og veiti umsagnir um styrkbeiðnir í fornminjasjóð sé aðeins skipuð einum fagaðila úr fornleifafræði. Miðað við það hlutverk sem nefndinni er ætlað, en hún mun nánast eingöngu fjalla um mál er tengjast fornminjum, er óviðunandi að ekki séu fleiri nefndarmenn með menntun á sviði fornleifafræði. Eðlilegast væri að félag fornleifafræðinga á Íslandi, FFÍ og FÍF, skipi sinn fulltrúan hvort og Ráðherra tilnefni einn fulltrúa án tilnefningar sem muni verða formaður nefndarinnar.

11. grein. Minjastofnun Íslands, Hlutverk, liður – i.

Undir þessum lið þyrfti að skilgreina nánar hvað átt er við með þeim rannsóknum sem Minjastofnun Íslands framkvæmir. FFÍ telur að þegar um skyndirannsóknir sé að ræða geti slík rannsókn eingöngu falið í sér björgun gripa á yfirborði og sjónræna greiningu á vettvangi. Allar frekari rannsóknir verði að vera framkvæmdar af fornleifafræðingum ótengdum Minjastofnun Íslands. Yrði þetta atriði skýrt með þessum hætti í lagatexta myndi það einnig leiða til sparnaðar hjá stofnuninni þar sem hún þyrfti ekki að kosta til auknum tækjakosti auk þess sem tími myndi sparast hjá starfsmönnum stofnunarinnar sem ellegar færi í þessar rannsóknir.

Ástæða þess að ekki getur verið gott fyrir Minjastofnun Íslands að ráðast í rannsóknir sem hafa frekara jarðrask með för í sér, þó aðeins væri um að ræða könnun á eðli og umfangi minjanna, kemur berlega í ljós þegar hlutverk stofnunarinnar er haft í huga. Minjastofnun Íslands hefur það hlutverk að hafa eftirlit með öllum þeim fornleifarannsóknum sem hafa jarðrask í för með sér. Ljóst er að afar óheppilegt er að stofnunin sjálf stundi slíkar rannsóknir og sitji þá í raun og veru beggja vegna borðsins.

12. grein. Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands

Fornleifafræðingafélag Íslands telur óviðunandi að gera minni kröfu en þá að forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sé með framhaldsmenntun á háskólastigi þar sem allar fræðigreinar á því sviði sem stofnunin hefur umsjón með eru kenndar á framhaldsstigi við háskóla á Íslandi.

13. grein. Minjaverðir.

Fornleifafræðingafélag Íslands telur óviðunandi að gera minni kröfu en þá að Minjaverðir séu með framhaldsmenntun á háskólastigi á sviði fornleifafræði. Þetta er augljós krafa þegar horft er til þess að Háskóli Íslands vinnur að því að með M.A. gráðu í fornleifafræði fylgi titillinn *fornleifafræðingur*.

Það er einnig galli að í lögnum er hvergi kveðið á um fjölda minjavarða. Miðað við aukna ábyrgð og umsvif minjavarða samkvæmt lögum þessum liggur beinast við að landinu sé skipt upp í alls 9 minjavarðarumdæmi þannig að tvö umdæmi séu á hvern landsfjórðung auk umdæmis minjavarðar fyrir Reykjavík og nágrenni.

14. grein. Gjaldtökuheimild Minjastofunar Íslands.

Gæta þarf þess að öll gjaldtaka verði hófleg og gegnsæ.

36. grein. Fornleifarannsókn.

Í fyrstu málsgrein er fjallað um stjórnanda fornleifarannsókna. Í anda laganna að hefja íslenska minjavernd upp á hærra stig er ekki hægt að horfa framhjá þeirri kröfu FFÍ að inn í lagatexta þessarar greinar verði bætt að stjórnandi slíkra rannsókna skuli hafa framhaldsmenntun á háskólastigi í fornleifafræði. Ástæður kröfunnar eru augljósar þegar horft er til þess að Háskóli Íslands vinnur að því að með M.A. gráðu í fornleifafræði fylgi titillinn *fornleifafræðingur*.

40. grein. Lok fornleifarannsókna.

Greinin inniheldur misvísandi ákvæði þar sem í 1. málsgrein er kveðið á um að öllum gripum og sýnum úr fornleifarannsóknum sé skilað inn á Þjóðminjasafnið innan árs frá fundi þeirra en í 3. málsgrein er sagt að öllum sýnum og gripum skuli skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis. Ljóst er þó af athugasemdum meðfylgjandi frumvarpinu að miðað er við orðalag 1. málsgreinar.

Í 3. grein laga um Þjóðminjasafnið, mál nr. 648, er sagt að öllum gripum úr fornleifarannsóknum eigi að skila inn til Þjóðminjasafnsins sem muni sjá um nauðsynlega forvörslu á þeim. FFÍ telur að hér sé Þjóðminjasafni Íslands veitt einkaleyfi á forvörslu gripa úr fornleifarannsóknum sem ekki einungis eykur kostnað safnsins heldur skerðir einnig atvinnufrelsi sjálfstætt starfandi forvarða á Íslandi. Í athugasemdum við ákvæðið segir einnig að aukinn kostnaður vegna þessa sé óverulegur þar sem fornleifarannsóknir séu flestar unnar fyrir styrki úr ríkissjóði. Ekki virðist hér vera tekið tillit til framkvæmdarannsókna, þ.e. rannsókna sem unnar eru vegna vegagerðar, byggingaframkvæmda, virkjana o.s.frv., en á síðastliðnum árum hefur um og yfir helmingur allra fornleifarannsókna á Íslandi verið framkvæmdarannsóknir. Hingað til hefur forvarsla á gripum úr slíkum rannsóknum verið greidd af framkvæmdaaðilum en með þessu ákvæði í lögum um Þjóðminjasafnið myndi sá kostnaður væntanlega greiðast úr ríkissjóði. Ljóst er því að þessi tilhögun er ekki ásættanleg fyrir nokkurn aðila.

Þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að allir muni nýta sér þá þjónustu sem Þjóðminjasafnið býður upp á ætti fremur að krefjast þess að öllum gripum sé skilað inn forvörðum eigi síðar en tveimur árum frá fundi þeirra eða óforvörðum innan árs.

FFÍ bendir einnig á að til viðbótar við þessa grein er nauðsynlegt að setja inn ákvæði um úrræði til að bregðast við þegar um er að ræða vanrækslu á rannsóknargögnum og fornminjum, t.d. þegar vitað er um gripa úr rannsóknum eldri en lögin tilgreina sem ekki hefur verið skilað inn á Þjóðminjasafn.


42. grein. Fornminjasjóður

Í lögnum er hlutverk sjóðsins víkkað út og mun hinn nýji Fornminjasjóður verða mun umfangsmeiri en Fornleifasjóður í dag. FFÍ telur að ekki verði hægt að mæta hinu nýja og víðtæka hlutverki sjóðsins nema með auknum fjárheimildum. Því leggur félagið til að

nýji sjóðurinn verði styrktur þannig að hann jafnist á við Húsafriðunarsjóð sem einnig mun heyra undir hina nýju Minjastofnun Íslands. Með því að efla hinn nýja Fornminjasjóð yrði einnig hægt að taka fyrir styrkveitingar til fornleifarannsóka á fjárlögum þar sem allar styrkumsóknir er tengjast fornminjum færu í gegnum hinn nýja sjóð.

Samþykkt á almennum félagsfundi Reykjavík 02. maí 2011.

F.h. Fornleifafræðingafélags Íslands,



Sindri Ellertsson Csillag
formaður